

Kids Carcassonne - Íslenskar reglur

Þetta er skemmtilegur og spennandi leikur fyrir 2-4 leikmenn frá 4 ára aldri frá Marco Teubner. Þetta er krakkaútgáfan af Carcassonne spilinu frá Klaus-Jurgen Wrede.

Á hverju ári þann 14 júlí fagna Frakkar þjóðhátíðardegi sínum. Í Carcassonne er haldið upp á daginn með því að sleppa kindum, hænum og kúm út úr stíunum sínum, svo reyna börnin í Carcassonne að ná dýrunum aftur og koma þeim aftur í stíurnar fyrir myrkur.

1. Hvað fylgir spilinu?

Reglur, 36 landslagsflísar, 32 figúrir (8 í hverjum lit)

2. Hvernig á að undirbúa spilið?

Stokkaðu allar landslagsflísarnar, raðaðu þeim upp í nokkra litla stafla og settu hér og þar á borðið, svo að allir keppendur get nálgast staflanaauðveldlega. Hafðu pláss á miðju borðinu svo hægt sé að raða flísunum til að byggja landakort. Hver keppandi velur sér lit og fær 8 figúrir í þeim lit sem hann velur. Figúrunar setur keppandinn svo á borðið fyrir framan sig. Ef það eru færri en 4 að spila, fjarlægjið þá liti sem ekki eru notaðir. Takið flis úr einum af bunkunum, snúið henni upp og setjið í miðjuna á borðinu. Út frá þessari flis eiga leikmenn að bæta við flísunum þannig að landið stækki.

3. Hvernig vinnur maður spilið?

Tilgangur leiksins er að leikmennirnir raði flísunum á borðið til að mynda landakort. Sá sem er fyrstur til að setja allar figúrunar sínar á borðið vinnur leikinn.

4. Hvernig er Kids Carcassonne spilaður ?

Leikmenn spila hringinn réttisælis. Leikmaður af handahófi er valinn til að byrja.

5. Hvað geri ég þegar kemur að mér?

Þegar kemur að þér, dragðu flis úr einum af bunkunum sem er í stafla á borðinu, leggðu hann á borðið til að bæta við landakortið. Leikmaður verður að setja flísina við hliðina á flis sem er á borðinu fyrir. Flísar má ekki setja niður horn í horn.

6. Hvenær má leikmaður setja figúru á flis?

Á götunum eru myndir af figúrunum í öllum litunum sem eru í spilinu. Þegar vegur lokast í báða enda, þá mega leikmenn setja figúru á lokaða veginn, ef mynd af figúrunni þeirra er þar. Vegur telst lokaður, þegar hann endar annað hvort á tjörn, á vegg, húsi eða á grænu svæði. Vegur er líka lokaður þegar hann myndar heila lykkju. Ef partur af lokuðum vegi er með lit sem engin er að nota þá er ekkert sett á þann part.

* Hvenær endar leikurinn?

Strax og einn leikmaður hefur sett allar figúrunar sínar á kortið, þá endar leikurinn. Þessi leikmaður vinnur leikinn. Í einstaka tilvikum þá getur það gerst að öll spilin eru komin á borðið en enginn hefur losnað við allar figúrunar sínar. Í þessum tilvikum þá endar leikurinn þegar síðasta spilið fer út. Sá sem er með færstar figúrir hjá sér vinnur. Ef það eru fleiri en einn með jafn fáar figúrir þá er jafntefli, og þeir fagna sigri saman.

Í lok dagsins snúa börnin aftur heim, þreytt, en með skemmtilegar minningar frá deginum langa. Dagurinn endar á marglituðumhátíðarhöldum með flugeldasýningu og gömsætum mat frá Carcassonne og svæðinu í kring. Fólk á öllum aldri tekur þátt í hátíðarhöldunum. Þeir eldri skemmta börnunum með spennandi sögum af riddurum, álfrkonum og drekum. Börnin hlusta hugfangin á drauma fornra tíma með von um að eiga svipuð ævintýri einn daginn. Að lokum sofna flest börnin, á meðan dýrin njóta rólegheitana í húsunum sínum. Dýrin sem ekki náðust yfir daginn af börnunum, fara sjálf heim til sín. Heimkomu dýranna er vel fagnað af börnunum í Carcassonne, því þeim er umhugað um öryggi kindanna, hundanna, kattanna og hænanna.